

Reglur þessar, sem settar eru samkv. 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 28. mars 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 116.

29. mars 1974.

REGLUR

um úthlutun örorkustyrkja.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að úthluta örorkustyrkjum til þeirra öryrkja, sem misst hafa frá 50% til 75% starfsorku sinnar samkvæmt mati tryggingayfirlæknis, og eru á aldrinum 16—67 ára.

Hámarksupphæð styrks til þeirra umsækjenda, sem ekki hafa börn innan 17 ára á framfæri sínu, má nema 75% fulls lífeyris. Til þeirra, sem hafa börn á framfæri innan 17 ára, er heimilt að úthluta viðbót, þó má hún eigi vera hærri en 75% barnalífeyris fyrir hvert barn á framfæri.

EKKI skal úrskurða örorkustyrk til þeirra, sem eru í fullaunuðu starfi, nema sannað þyki að örorka hafi í för með sér verulegan aukakostnað, svo sem umsækjanda sé nauðsynlegt að hafa bifreið til að komast að og frá vinnustað.

EKKI skal úrskurða húsmóður örorkustyrk, nema að sannað þyki, að um verulegan aukakostnað sé að ræða við heimilishaldið vegna örorku hennar, svo sem aðkeypt húshjálp eða atvinnumissis maka af þeim sökum.

2. gr.

Við úthlutun styrkja skal höfð hliðsjón af:

1. Eignum og tekjum umsækjanda og maka hans.
2. Örorkustigi umsækjanda með tilliti til þess starfs, er hann stundar, eða kostur er á.
3. Fjöldi barna umsækjanda innan 17 ára, sem hann hefur á framfæri sínu og ekki greiðist með barnalífeyrir.

3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að úthluta örorkustyrkjum til barna innan 16 ára aldurs vegna bæklunar eða vanþroska, ef það hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða mikla umönnun. Styrkir þessir skulu vera í samræmi við örorkumat barnanna gert af tryggingayfirlæknir.

Hámarksupphæð styrks má nema 75% af örorkulífeyri einstaklings. Örorkumatíð skiptist í þrjú stig með tilliti til þarfa á útgjöldum og umönnun.

Styrksupphæð 1. stigs skal vera 25% af örorkulífeyrir einstaklings, 2. stigs 50% sömu upphæðar og 3. stigs 75% af sömu upphæð.

Styrki þessi má greiða vegna allra þeirra barna, sem eiga gilt örorkumat, og ekki dveljast á hælum eða sjúkrahúsum, þar sem Tryggingastofnun ríkisins eða aðrir opinberir aðilar greiða að fullu dvalarkostnað þeirra.

Örorkustyrk til barna, sem dvelja á dagvistunarheimilum (en heima um nætur og helgar) skal hins vegar lækka um eitt stig.

4. gr.

Umsóknir skulu sendar viðkomandi umboðsmanni, í Reykjavík aðalskrifstofunni, sem framsendir síðan umsóknirnar ásamt athugasemdum sínum og meðmæli um aðalskrifstofunni til úrskurðar.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 12. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 og staðfestast hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi felldar reglur nr. 197 27. nóv. 1961 um úthlutun örorkustyrkja.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. mars 1974.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

2. maí 1974.

Nr. 117.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 48 frá 23. apríl 1968 hefir eftirfarandi verið ákveðið.

1. Bifreiðastöður verða bannaðar í Túngötu beggja vegna götunnar milli Suðurgötu og Garðastrætis.
2. Stöðvunarskylda verður við eftirfarandi gatnamót:
 - a) Á Breiðhöfða við Vesturlandsveg.
 - b) Á Höfðabakka við Vesturlandsveg að norðanverðu.
 - c) Á Gufunesvegi við Vesturlandsveg.
 - d) Á Draghálsi við Vesturlandsveg.
3. a) Vinstri beygjur verða bannaðar inn á og út af bensinstöð Esso við Vesturlandsveg.
- b) Innakstur á bensinstöðina verður bannaður að austanverðu á lóð hennar, en útakstur að vestanverðu.

Framangreindar reglur taka gildi 15. maí 1974.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 2. maí 1974.

Sigurjón Sigurðsson.

3. apríl 1974.

Nr. 118.

AUGLÝSING

um friðland í Melrækkaey.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að lýsa Melrækkaey á Grundarfirði friðland.

Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Bannað er að fara í eyna án leyfis Náttúruverndarráðs eða umboðsmanns þess.
2. Skot eru bönnuð nær eyinni en 2 km og netalagnir $\frac{1}{4}$ km frá stórstraumsfjörumáli.
3. Náttúruverndarráði er heimilt að leyfa nytjar æðarvarps og annarra hlunninda.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Felld eru úr gildi eldri ákvæði um friðun eyjarinnar.